

Borgarstjórn
5. mars 2019

Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um að endurheimta Miðbakkann sem almannarými

Lagt er til að Reykjavíkurborg fari í samstarf með Faxaflóahöfnum um að endurheimta Miðbakkann sem aðgengilegt og líflegt almannarými fyrir alla íbúa og gesti borgarinnar.

Greinargerð

Reykjavík er hafnarborg og hefur hjarta borgarinnar slegið í Gömlu höfninni í heila öld. Höfnin hefur þróast og um margt gengið í gegnum endurnýjun og má víða á hafnarsvæðinu finna blómlegan rekstur, atvinnulíf, menningu og iðandi mannlíf sem fléttast fallega inn í starfsemi hafnarinnar. Miðbakkinn hefur í gegnum tíðina verið vettvangur merkilegra viðburða í sögu lands og borgar. Síðustu árin hefur bakkinn verið að hluta til nýttur sem bílastæði og því hefur hann mátt muna sinn fífil fegurri. Þegar nýr bílakjallari opnar undir Hafnartorgi opnast jafnframt tækifæri til að nýta þetta stóra almannarými undir annað en bílastæði.